

# FUNDARGERÐ

## 594. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2019, fimmtudaginn 21. nóvember, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Drífa Bjarnadóttir, Ingi Már Björnsson, Ragnheiður Högnadóttir og Páll Tómasson.

Að auki sat fundinn að hluta George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

III – 6 Umsókn um leyfi fyrir uppsetningu skilta frá forstöðumanni Kötluseturs.

*Afbrigðin samþykkt.*

**Þetta var tekið fyrir:**

**1. Verkefni sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

**2. Fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps.**

Lögð fram fundargerð 274. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 18. nóvember 2019.

Eftirfarandi liðir fundargerðarinnar eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

**2.1. Fagradalur – Umsókn um byggingarleyfi.**

Nefndin samþykkti umsókn frá Jónasi Erlendssyni um byggingarleyfi fyrir niðurgrafna geymslu í Fagradal.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**2.2. Pétursey 2 – Deiliskipulagstillaga.**

Nefndin samþykkti deiliskipulagstillöguna með teknu tilliti til umsagna sem bárust og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**2.3. Sléttuvegur 2 – 2a – Breyting á hönnunargögnum.**

Fram var lagður nýr aðaluppdráttur til umræðu. Nefndin taldi breytingarnar ekki samræmast fyrri hugmyndum um nýtingu lóðarinnar og lagðist gegn breytingu á aðaluppdráttum þar sem það mun seinka framkvæmdum.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### 3. Stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins Dyrhólaey.

Lagt fram erindi frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir tilnefningu í nefnd um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Dyrhólaey.

*Sveitarstjórn tilnefnir oddvita í nefndina.*

### 4. Umsókn um lóðina Mánabraut 32

Lögð fram umsókn um lóðina Mánabraut 32 í Vík frá Orra Örvassyni.

*Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.*

### 5. Umsókn um leyfi fyrir uppsetningu skilta.

Fram lagt erindi frá forstöðumanni Kötluseturs þar sem óskað er eftir leyfi til þess að setja upp skilti á fjórum stöðum í Víkurþorpi.

*Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að sett verði upp upplýsingaskilti og felur skipulags- og bygginarfulltrúa nánari útfærslu í samráði við Kötlusetur.*

### 6. Styrkbeiðnir

- 6.1. Lögð fram styrkbeiðni frá æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu vegna æskulýðsstarfs með fermingarbörnum, en nýverið var börnum úr Mýrdalshreppi boðið að taka þátt í starfinu.

*Sveitarstjórn samþykkir að úthluta 40 þúsund króna til nefndarinnar.*

- 6.2. Lögð fram styrkbeiðni frá Stígamótum.

*Sveitarstjórn getur ekki orðið við beiðninni.*

- 6.3. Lögð fram beiðni um námsstyrk.

Þar sem þegar hafa verið samþykktar reglur þar að lútandi kemur málið ekki til afgreiðslu sveitarstjórnar.

### 7. Umsagnarbeiðni

Lögð fram beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um tækifærisleyfi í Leikskálum frá þorrablótnefnd Mýrdalshrepps.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.*

### 8. Álagning gjalda fyrir árið 2020

*Afgreiðslu máls frestað til næsta fundar.*

### 9. Fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2020 – 2023 – fyrri umræða.

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun 2020-2023 og framkvæmdaáætlun 2020.

*Fyrri umræðu fjárhagsáætlunar frestað til aukafundar sveitarstjórnar miðvikudaginn 27. nóvember.*

### 10. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019

Lögð fram tillaga að 5. viðauka við fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps fyrir árið 2019. Tillagan gerir ráð fyrir að 4,5 milljónir verði færðar milli liða af fjárfestingu frá félagsheimili yfir á íþróttamiðstöð.

*Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.*

#### **11. Reglulegur fundur sveitarstjórnar.**

Gerð er tillaga að því að reglulegur fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps í desember verði haldinn 11. desember nk.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

#### **12. Endurskoðun menntastefnu Mýrdalshrepps.**

Lögð fram tillaga um að fræðslunefnd Mýrdalshrepps láti endurskoða menntastefnu Mýrdalshrepps.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

#### **13. Fundargerðir til kynningar.**

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 874. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 27. september 2019.

Fundargerð 875. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 25. október 2019.

Fundargerð 41. stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 22. október 2019.

- *Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir fyrir sitt leiti tillögu um daggæslu barna í heimahúsum.*

- *Sveitarstjórn Mýrdalshrepps sér að svo stöddu ekki ástæðu til að gera breytingar á heimaþjónustu.*

Fundargerð 71. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 14. nóvember 2019.

- *Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við tilraunarverkefni um akstursþjónustu eldri borgara.*

Fundargerð 550. fundar stjórnar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga, haldinn 23. október 2019.

Fundargerð aðalfundar félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu

#### **14. Kynningarefni.**

Eftirfarandi kynningarefni lagt fram til kynningar:

Leiðbeinandi álit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi tvöfalda skólavist barns í leik- og grunnskóla.

Leiðbeinandi álit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi skólaakstur.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:30




Einar Freyr Elínarson, oddviti



Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Ragnheiður Högnadóttir



Páll Tómasson